

Aðalfundur foreldrafélags Stóru-Vogaskóla

17. október 2024 kl. 19:30 í Tjarnarsal

Mættir fyrir hönd stjórnar: Henrietta Ósk Melsen (formaður), Manassa Qarni og Kristín Eva Harðardóttir.

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Lagabreytingar
4. Reikningar lagðir fram til samþykktar
5. Kosning stjórnar
6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
7. Kosning fulltrúa í Skólaráð
8. Önnur mál

Formaður bíður fólk velkomið og setur fundinn.

1. **Kosning fundarstjóra og fundarritara.** Henrietta stingur uppá Hilmar sem fundarstjóra. Fundurinn samþykkir Hilmar sem fundarstjóra, sem lýsir fundinn löglegan. Hilmar skrifar einnig fundargerð.
2. **Skýrsla stjórnar.** Formaður fer yfir skýrslu stjórnar, umræður í kjölfarið.
3. **Lagabreytingar.** Engar lagabreytingar lagðar fram.
4. **Reikningar lagðir fram til samþykktar.** Manassa gjaldkeri fer yfir reikninga félagsins frá síðasta ári. Reikningar samþykktir.
5. **Kosning stjórnar**, sbr. 4. grein laga foreldrafélagsins. Manassa og Henrietta gefa kost á sér áfram. Eftirtaldir gáfu einnig kost á sér í stjórn og koma ný inn: Helga Rún Sigurðardóttir og Hulda Blöndal. Úr stjórn ganga Karel Atli Ólafsson og Þórhildur Sif Þórmundsdóttir og eru þeim þökkuð sín störf. Stjórn telst þá full mönnum.
6. **Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.** Sindri Jens Freysson og Brynhildur Hafsteinsdóttir eru kosin skoðunarmenn reikninga.
7. **Kosning fulltrúa í skólaráð.** Manassa Qarni og Kristín Eva Harðardóttir gefa áframkost á sér í skólaráð Stóru-Vogaskóla sem fulltrúar foreldra.
8. **Önnur mál.**
 - Foreldrafélagið leggur til hækkun á félagsgjöldum fyrir skólaárið, úr 2.000 kr í 3.000 kr. Samþykkt.
 - Hilmar stiklaði á stóru varðandi mikla fjölgun nemenda, framkvæmdir og skólastarfið í vetur.
 - Umræður um foreldrastarf og íþróttaiðkun barna í samfélaginu.

Fundi slitið kl. 20:30
Fundarritari: Hilmar Egill